

# Krílakot og Kátakot Dalvík

Nóvember 2015

**VIRÐING**  
**JÁKVÆÐNI**  
**METNAÐUR**



## Komið sæl

Október er liðinn og ótrúlegt en satt er kominn nóvember og veðrið lætur eins og það sé byrjun september. Við njótum blíðunnar með mikilli útiveru og fylgjumst með byggingunni rísa á lóðinni við Krílakot. Mikið er þetta allt að verað raunverulegt og gaman að sjá hlutina gerast hratt.

Í fyrstu vikunni í nóvember var vinavika í leikskólunum þar sem rætt var um vináttuna og gildi hennar. Starfsfólkið seldi vinabrauð og þökkum við ykkur kærlega stuðninginn. Ágóðinn fer í ferðasjóð starfsfólks en áætluð er námsferð í byrjun maí.

Í nóvember er nóg að gera. Við lokum klukkan 12:15 mánudaginn 9 nóvember vegna starfsmannafundar. Dagur íslenskrar tungu er þann 16 nóvember og munum við gera eitthvað skemmtilegt í tilefni dagsins.

Við höfum verið að vinna í LAP verkefningu okkar og hafa einhverjir foreldrar verið beðnir að koma með myndir að heiman, þýða orð, koma með tónlist eða jafnvel heimsækja okkur og taka þátt í starfinu.

Þórdís Rögnvaldsdóttir byrjaði að starfa í Krílakoti nú á dögumum, hún verður á flakki milli deilda til að byrja með. Við bjóðum hana hjartanlega velkomna til starfa. María Jónsdóttir er komin úr fæðingarorlofi og er nú komin aftur til starfa á Sólkoti.

Nýtt hlið var sett um á leikskólalóð Krílakots sem auðveldar aðgengi inn á lóðina enda var gamla hliðið orðið lúíð.

Við hvetjum foreldrar til að vera duglega að lesa heima fyrir börnin. Lestur er mikilvægur fyrir málþroska barnsins og ekki síður mikilvægur fyrir foreldra og börn, að eiga notalega stund saman og elfa tengslin. Við förum í bókasafnið með hópa í hverri viku og bækur eru aðgengilegar dag hvern auk þess sem lesið er reglulega fyrir börnin í stórum sem smáum hópum.

Bestu kveðjur Drífa.



## Foreldraráð 2015-2016

**Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.**

Freyr (Pórlaus Diljá)  
Karl (Bríet Þóra)  
Gísli Rúnar (Alexandra og Raket Erla)  
Sanna (Ulfur og Álfgrímur)



## Uppbyggingarstefnan

Þarfir fólks eru mismunandi en mikilvægast er að við fáum að njóta okkar á eigin forsendum. Öryggi er ein af þörfum okkar og er mikilvægt að henni sé fullnægt. Allir þurfa húsaskjól og mat og að finna fyrir öryggi með þeim sem standa þeim næst.

Að finna fyrir öryggi eflir einstaklinginn, sjálfstraust hans og líðan. Öryggi gerir það að verkum að einstaklingur verður færari til að takast á við lífið, samskipti við foreldra og vini, skólann, íþóttir og hvað það er sem viðkomandi tekur sér fyrir hendur.

Einstaklingur sem býr við öryggi á auðveldara með að takast á við lífið, að uppfylla hinar þarfir sínar.



Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi





## Grænfaninn

"Allt er vænt sem vel er grænt"

Við ætlum

Afgangs matur fer frá Krílakoti í hænurnar í sveitunum í kring og eitthvað fer í moltutunnu við leikskóklann því við erum að læra að molta, að búa til mold.



Drífa og Ágústa fóru á Grænfanafund á Stóru tjörnum í október þar sem fram fór fræðsla og vinna að endurnýjun matslista.

Krílakot og Kátakot munu sækja um nýjan Grænfána á vordögum 2016.

### Foreldrafélag Krílakots og Kátakots Skólaárið 2015-2016

Harpa (Barri og Viggó)  
Katla (Anton Andri og Arnór Atli)  
Guðríður (Hákon Bragi)  
Júlíana (Einar)

Elíngunn (Írena Rut og Hilmir Þeyr)

**Stöndum saman að velferð barna okkar**

## LAP

Ef þið skoðið í kringum ykkur þá sjáið þið að búið er að merkja rými með 5 tungumálum og svo vantar okkur fleiri foreldra í lið með okkur til að klára svo öll tungumál verði sýnileg í skólanum. Nú er að fara af stað verkefnavinna í LAP verkefni okkar.

Kennarar munu jafnvel hafa samband við ykkur til að fá aðstoð við verkefni s.s. Að koma með eitthvað að heiman, lesa fyrir börnin, koma með tónlist eða kenna söngva. Við vonum að foreldrar taki vel í þá vinnu og verði okkur innan handar.

### APPROPRIATE PRACTICE



A Guide  
for Working  
with Young  
Immigrant  
Children

## Öryggi barna

Samkvæmt lögum skal ökumaður sjá til þess að börn undir 15 ára séu í ákveðnum öryggis- og verndarbúnaði.

Það kemur fyrir að börn eru laus í bílum þegar þau koma í leikskólann eða fara og hjálmlaus á hjólum

**Starfsmönnun ber að tilkynna til barnaverndar verði þeir vitni af vanrækslu og ef þeir telja öryggi og velferð barna sé ógnað.**



Munið að loka alltaf hliðinu á eftir ykkur, bæði í Krílakoti og Kátakoti.

Stöndum saman og sköpum börnunum okkar örugg umhverfi

Svefn er mikilvægur þáttur í þroskaferli barna og líðan þeirra. Áætluð svefnþörf eftir aldri á sólarhring er:

0 - 4 mánaða 16 klukkustundir

4 - 6 mánaða 15 klukkustundir

1 árs 14 klukkustundir

2 - 4 ára 11 -13 klukkustundir

5 - 16 ára 9 - 11 klukkustundir

